

FJÁRÞÖRF OG FJÁRMÖGNUN
Í FISKELDI OG HAFBEIT

Valdimar Gunnarsson

Reykjavík, febrúar 1988

VMST-R/88004



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

Inngangur.

Fiskeldisstöðvum hefur gengið mjög erfilega að fjármagna rekstur sinn, sérstaklega matfiskeldisstöðvum. Vegna aukins umfangs fiskeldis á þessu ári og þeim næstu má gera ráð fyrir að vandamálið við fjármögnun í fiskeldi komi til með að aukast.

Fiskeldi er mjög fjárfrek atvinnugrein. Til að fá einhverja hugmynd um fjárþörfina í fiskeldi eru í þessari grein tekin dæmi um fjárþörf og fjármögnun á þessu ári og næstu árum.

Tekið skal fram í þessu yfirliti er ekki fjallað um arðsemi fiskeldis og hafbeitar.

Til að áætla fjárþörfina eru eftirfarandi forsendur notaðar:

Seiðaelði, rekstrafé	40 kr/framleitt seiði
Seiðaelði, stofnkostnaður	100 kr/framleitt seiði
Matfiskeldi, rekstrafé	150 kr/kg framleitt
Matfiskeldi, stofnkostnaður	150 kr/kg framleitt
Hafbeit, rekstrafé	60 kr/sleppt seiði
Hafbeit, stofnkostnaður	10 kr/sleppt seiði

Framleiðsla í íslensku fiskeldi árið 1987 og framleiðsluáform.

Á skrá hjá Veiðimálastofnun eru 113 fiskeldisstöðvar og af þeim hafa 94 hafið rekstur. Framleiðslugeta seiðaelðisstöðva er nú um 20 milljónir seiða og matfiskeldisstöðva rúmlega 4.000 tonn.

Á árinu 1987 voru framleiddar um 4.6 milljónir gönguseiða og 530 tonn af laxi. Framleiðsla á silungi var 152.5 tonn og um 0.6 milljónir sjóeldisseiða. Heildarframleiðslan af laxi og silungi var því 682.5 tonn og 5.2 milljónir seiða. Heildarverðmæti eldisafurða var 549 milljónir og fjöldi ársverka var 242.5.

Á þessu ári 1988 er áætlað að framleidd verði um 1.800 tonn af laxi og silungi og um 12 milljónir laxaseiða og tæp milljón silungsseiða. Á næsta ári er gert ráð fyrir að framleidd verði um 3.000 tonn af laxi og silungi og rúmar 15 milljónir seiða (Veiðimálastofnun 1988).

Seiðaelði - fjárþörf.

Nú eru um 60 fiskeldisfyrirtæki með seiðaelði og er framleiðslugeta þeirra um 20 milljónir gönguseiða. Má því búast við framleiðslu 15-20 milljóna gönguseiða næstu árin, þ.e.a.s ef framleiðslugeta þessara stöðva er fullnýtt. Bent skal á að

flestar þessara stöðva eru með of háan stofnkostnað til að arðbært sé að framleiða í þeim matfisk og verða þær því að halda sig að seiðaeldi.

Í ár er áætlað að um 2 milljónir laxaseiða fari í hafbeit og 2-3 milljónir í áframeldi og gert er ráð fyrir að í mesta lagi verði hægt að flytja út 4-5 milljónir seiða. Samtals gerir þetta 8-10 milljónir seiða. Ef miðað er við að framleiddar verði 12 milljónir seiða í ár, er óráðstafað um 2-4 milljónum seiða. Ef minna verður flutt út eykst fjöldi óráðstafaðra seiða. Nauðsynlegt gæti reynst fyrir seiðaeldisstöðvar að selja nokkrar milljónir gönguseiða með lengri afborgunartíma en tíðkast hefur. Því má gera ráð fyrir að nokkrar seiðaeldisstöðvar þurfi að fá viðbótar rekstrarfé til að fjármagna næsta rekstrarár. Tökum sem dæmi ef 5 milljónir gönguseiða yrðu seldar með þessum skilmálum þá þyrfti um 300 milljónir króna til að mæta auknum kostnaði vegna lengri afborgunartíma kaupenda.

A næstu árum má gera ráð fyrir að framleiddar verði 15-20 milljónir gönguseiða árlega. Ef miðað er við að framleiddar verði 15 milljónir gönguseiða þarf um 600 milljónir króna í rekstrarfé. Tæplega er hægt að gera ráð fyrir sölu á seiðum erlendis til lengri tíma, þar sem yfirvöld fiskeldismála í þeim löndum sem hafa flutt inn seiði frá Íslandi hafa það á sinni stefnuskrá að banna allan innflutning. Því má gera ráð fyrir að þessum 15-20 milljónum seiða verði ráðstafað hér innanlands.

Matfiskeldi - fjárbörf.

Framleiðslugeta matfiskeldisstöðva er núna rúmlega 4.000 tonn. Í ár er áformað að setja 2-3 milljónir gönguseiða í áframeldi. Ef miðað er við að 3 milljónir fari í áframeldi gefur það um 6.000 tonna framleiðslu árið 1990. Til að fjármagna þessa framleiðslu þarf um 900 milljónir króna í rekstrarfé og um 300 milljónir króna í fjárfestingar. Hlutfallslega þarf meira rekstrarfé í matfiskeldi en í seiðaeldi. Í seiðaeldi er rekstrarkostnaður um 40% af stofnkostnaði, en í matfiskeldi þarf jafn mikið fjármagn í rekstrarkostnað og í stofnkostnað, og í sjókvíaeldisstöðvum þarf jafnvel helmingi meira til reksturs en í stofnkostnað.

Ef öll þau gönguseiði sem framleidd verða hjá seiðaeldis-

stöðvum, eða um 15 milljónir seiða, yrðu sett í áframeldi myndi það gefa af sér 30.000 tonna framleiðslu. Til að fjármagna þessa framleiðslu þyrfti um 4.5 milljarða króna í rekstrarfé og 4.5 milljarða króna til fjárfestinga, samtals 9 milljarða króna. Þar sem aðstaða til sjókvíaeldis hér við land er mjög takmörkuð má gera ráð fyrir að stór hluti af framleiðslunni þyrfti að koma frá strandeldisstöðvum. Vegna mikils stofnkostnaðar hjá strandeldisstöðvum eru 4.5 milljarðar í fjárfestingar lágmarks upphæð.

Hafbeit - fjárbörf.

Ef miðað er við áform manna í dag er gert ráð fyrir að um 2 milljónir gönguseiða verði settar í hafbeit í ár. Fjárbörf við þessa sleppingu er rúmar 100 milljónir króna. Hafbeitarstöðvar eiga erfitt með að fá afurðalán þar sem ekki er hægt að váttryggja fisk sem er á hafi úti. Eins og staðan er í dag er hafbeit fjármögnuð nær eingöngu með hlutafé.

Ef öll framleiðsla seiðaeldisstöva, 15 milljónir gönguseiða yrði sett í hafbeit þyrfti um 1 milljarð króna í rekstrarfé og fjárfestingar. Það þyrfti því um það bil níu sinnum minna fjármagn til að setja þessi seiði í hafbeit en í áframeldi. Aftur á móti gefur slepping upp á 15 milljónir seiða ekki meira en 3-5.000 tonn af endurheimtum laxi sem er ekki nema 10-16% af því sem fengist ef seiðin yrðu notuð í áframeldi.

Fjármögnun.

Framkvæmdasjóður og Byggðasjóður áætla að lána 200-250 milljónir króna til fiskeldis á þessu ári og er megninhluta þessarar upphæðar óráðstafað. Lönpróunarsjóður hefur gefið vilyrði fyrir lánveitingum til fiskeldisfyrirtæka upp á 53 milljónir á þessu ári. Fleiri umsóknir eru þar til umfjöllunar og er óákveðið um afgreiðslu þeirra. Fiskveiðisjóður fyrirhugar ekki að lána til fiskeldis á þessu ári. Aðrir sjóðir eins og Stofnlánadeild landbúnaðarins, Framleiðnisjóður, Fiskræktarsjóður og Orkusjóður veita smáar upphæðir til fiskeldis.

Varðandi rekstralán þá lánar Landsbankinn 19 fiskeldisfyrirtækjum 37% af váttryggingarverðmætum, eða sem nemur u.þ.b. 50% af rekstrarfjárbörfinni. Búnaðarbankinn veitir 10

fiskeldisfyrirtækum rekstrarlán, sem eru um 30 % af vátryggingarverðmætunum. Aðrir bankar hafa ekki viðskipti við nema 1-2 fiskeldisfyrirtæki.

Niðurstöður.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að lánaðar verði um 300 milljónir til fjárfestinga í fiskeldi hér á landi.

Ef miðað er við sleppingu 2 milljóna gönguseiða í hafbeit á þessu ári og að 3 milljónir gönguseiða fari í áframeldi er fjárþörfin um 1 milljarður króna vegna rekstrar og um 300 milljónir króna vegna fjárfestinga. Fiskeldisstöðvar fá venjulega 50% rekstrarfjárnsins sem afurðalán frá bönkum og þurfa eigendur fiskeldisfyrirtækja því að leggja fram um hálfan milljarð króna í formi hlutafjár. Nær allt það fé sem áætlað er að lána til fjárfestinga í fiskeldi á þessu ári fer í að fjármagna fyrirhugaðar framkvæmdir. Lítið fé er því eftir til að fjármagna áframeldi á þeim 2-4 milljónum seiða sem er óráðstafað. Ef þær 2-4 milljónir seiða sem nú er óráðstafað færu í hafbeit þyrfti 120-240 milljónir króna í aukio hlutafé til að fjármagna þær sleppingar. Samtals þyrfti því 240-360 milljónir króna til að fjármagna hafbeitarsleppingar á árinu og til viðbótar nokkra tugi milljóna til fjárfestinga.

Ef lítið til lengri tíma má gera ráð fyrir að ekkert verði hægt að flytja út af seiðum. Ef gert er ráð fyrir að 7 milljónir seiða fari í áframeldi og 8 milljónir seiða í hafbeit árið 1989 er rekstrarfjárþörfin um 2.6 milljarðar króna og kostnaður vegna fjárfestinga 1.6 milljarður króna, eða samtals 4.2 milljarðar króna (Tafla 1). Ef miðað er við það lánaþyrftir sem er í dag þurfa eigendur fiskeldisfyrirtækjanna að leggja fram um 2 milljarða í hlutafé.

Tafla 1. Ætlað framleiðslumagn og fjárförf í fiskeldi og hafbeit ef miðað er við að 7 milljónir seiða fari í áframeldi og 8 milljónir í hafbeit.

	Fjöldi seiða (millj.)	Framleiðsla (tonn)	Rekstrarfé (millj.)	Rekstrarlán (millj.)	Fjárfesting (millj.)
Hafbeit	8.0	2.000	480	0	100
Matfiskeldi	7.0	14.000	2.100	1.050	1.500
Samtals	15.0	16.000	2.580	1.050	1.600

Um mitt ár 1990 væri því fjárförf fiskeldis og hafbeitar komin upp í um 7 milljarða króna. Af því væru 4.2 milljarða króna vegna sleppinga 8 milljóna seiða í hafbeit og 7 milljóna seiða í áframeldi árið 1989 (Tafla 1), 0.6 milljarðar króna færu í rekstrafé til seiðaeldisstöðva og rúmir 2 milljarðar króna væru vegna fyrri fjárfestinga.

Heimildir.

Veiðimálastofnun, 1988. Framleiðsla í íslensku fiskeldi árið 1987 og framleiðsluáform næstu ár. Veiðimálastofnun VMST-R/88002

Forsvarsmenn lánastofnana.